



Skýrsla BSRB um umönnunarbilið

Maí 2022

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður	1
Inngangur	2
Lagarammi og þróun daggæslu	3
Könnun lögð fyrir sveitarfélög	4
Áhrif dagvistunarmála	4
Niðurstöður	5
Dagvistunarúrræði á vegum sveitarfélaga	5
Dagforeldrar	5
Aldursviðmið um inntöku á leikskóla	7
Aldur barna við inntöku í leikskóla	10
Viðauki - yfirlit yfir sveitarfélög	15

Helstu niðurstöður

Hvert og eitt sveitarfélaganna 69 ákveður fyrir sig á hvaða aldri börnum er boðið leikskólapláss, og er það því misjafnt eftir sveitarfélögum eða allt frá 9 mánaða til tveggja ára aldurs.

Börn á Íslandi eru að meðaltali 17,5 mánaða gömul þegar þau komast inn á leikskóla. Er þetta nokkur breyting frá 2017, þegar meðalaldur var 20 mánuðir.

Um 7% barna komast að á leikskóla að loknu fæðingarorlofi eða fyrr, 27% komast inn á bilinu 12,5 til 18 mánaða og 66% á bilinu 18,5 til 24 mánaða.

Umönnunarbilið er mislangt eftir því hvar á landinu fólk er búsett. Það er að jafnaði um 5 og hálfur mánuður á landinu öllu. Bilið er minnst, um eða innan við mánuður á Norðurlandi vestra, Vestfjörðum, Austurlandi og Vesturlandi. Umönnunarbilið er 4 mánuðir á Norðurlandi eystra, tæpir 5 á Suðurlandi, 6 á höfuðborgarsvæðinu og 9 mánuðir á Suðurnesjum.

Veruleg aukning er á sveitarfélögum sem hafa sett sér reglur um inntökualdur barna á leikskóla og sömuleiðis hefur viðmiðunardagur inntöku farið lækkandi frá síðustu könnun BSRB árið 2017. Rúmlega 2/3 sveitarfélaga hefur sett sér reglur um inntökualdur barna en þar búa 81% barna á leikskólaaldri. Hjá flestum sveitarfélögum sem svöruðu könnuninni er viðmiðið 12 mánaða, 9 þeirra miða við 9 mánaða og 6 þeirra miða við 15-24 mánaða.

Meirihluti barna þurfa að bíða lengur eftir leikskólaplássi eftir að inntökualdri á leikskóla er náð. Sveitarfélögum tekst því ekki alltaf að uppfylla þau aldursviðmið sem þau hafa sett um inntökualdur barna á leikskóla. Í sveitarfélögum þar sem búa um 14% barna er samræmi þar á milli, þar sem 59% barna búa er munurinn innan við þrír mánuðir og þar sem 27% barna er munurinn meira en þrír mánuðir.

Dagforeldrum fer fækkandi en þeir eru starfandi í tæplega þriðjung sveitarfélaga þar sem búa um 85% barna.

Gera má ráð fyrir að um 6 dagforeldrar séu starfandi á hver 100 börn á aldrinum 6-18 mánaða í þeim sveitarfélögum þar sem finna má starfandi dagforeldra.

Á öðrum Norðurlöndum er lögbundinn réttur barna til leikskólapláss eða dagvistunar frá tilteknum aldri sem helst í hendur við rétt foreldra til fæðingarorlofs. Þannig er tryggð samfella fæðingarorlofs og leikskóla eða dagvistunar að loknu fæðingarorlofi.

Núverandi skipan leikskólamála tryggir að litlu sem engu leyti báðum foreldrum möguleika til þátttöku á vinnumarkaði að loknu fæðingarorlofi.

Inngangur

Í stefnu BSRB eru ýmis atriði sem snúa að fjölskylduvænna samfélagi og jafnrétti kynjanna. Þar á meðal er sú krafa að lögfesta skuli rétt barna til dagvistunar af hálfu hins opinbera strax að loknu fæðingarorlofi foreldra. Umönnunarbilið svokallaða hefur lengi verið óbrúað. Stórt skref var tekið í upphafi árs 2021 þegar 12 mánaða fæðingarorlof var loksins lögfest. Enn er staðan þó sú að fæst sveitarfélög tryggja börnum leikskólapláss eftir að fæðingarorlofi lýkur. Þetta hefur m.a. haft þær afleiðingar að konur minnka fremur við sig vinnu eða lengja fæðingarorlof með tilheyrandi neikvæðum afleiðingum á jafnrétti á vinnumarkaði.¹ Þá er ótalið það álag sem umönnunarbilið veldur ungum barnafjölskyldum sem margar hverjar reyna að hagræða í vinnu eða leita til foreldra eða annarra ættingja til þess að annast barnið áður en leikskólapláss býðst af hálfu sveitarfélagsins.

Í maí 2017 gaf BSRB út skýrslu um dagvistunarúrræði þar sem leitað var til allra sveitarfélaga landsins og þau spurð m.a. um stefnu í dagvistunarmálum og hversu gömul börn væru þegar þau kæmust að á leikskóla, dagforeldrum eða einhvers konar dagvistun. Niðurstöður voru m.a. þær að í helmingi sveitarfélaga eru reglur um inntökualdur barna og að umönnunarbilið væri að meðaltali 3 til 6 mánuðir. Einnig kom fram að konur taka mun stærri hluta fæðingarorlofs heldur en karlar og að Ísland er eina Norðurlandið þar sem börnum er ekki tryggður með lögum réttur til leikskóladvalar.²

Sem fyrr segir var stórt skref tekið þegar fæðingarorlof var lengt í 12 mánuði og stigin skref í að jafna orlofstöku milli foreldra. Umönnunarbilið er þó alltaf til umræðu og svo virðist sem víða sé það enn þá vandamál. Því ákvað BSRB að gera aðra könnun meðal sveitarfélaga, og leita auk þess til Hagstofunnar og Fæðingarorlofssjóðs, til þess að varpa ljósi á hver staðan varðandi leikskólapláss ungra barna og atvinnuþátttöku foreldra er nú um stundir. Ekki hefur verið gripið til neinna aðgerða af hálfu ríkisvaldsins til þess að tryggja 12 mánaða gömlum börnum leikskólapláss og er því staða barna og foreldra afar misjöfn eftir búsetu.

¹ Sjá t.d. svar félags- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Andrési Inga Jónssyni um fæðingar- og foreldraorlof <<https://www.althingi.is/altext/pdf/150/s/0241.pdf>>

² Skýrsla BSRB um dagvistunarúrræði, maí 2017 <https://www.bsrb.is/static/files/Utgefid_efni/skyrsla-b-srb-um-dagvistunarurraedi-mai-2017.pdf>

Lagarammi og þróun daggæslu

Árið 1973 voru fyrst sett lög um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila og árin 1975 voru sett fyrstu lög um fæðingarorlof mæðra á vinnumarkaði. Fyrir þennan tíma var umönnun ungra barna fyrst og fremst á herðum foreldra samkvæmt stefnu stjórnvalda. Á 8. áratugnum voru einnig sett lög á öllum Norðurlöndum sem skilgreindu rétt barna til dagvistunar og ábyrgð sveitarfélaga á þjónustunni. Meginrökin fyrir uppbyggingu dagvistunar á þessum tíma voru tvíþætt. Annars vegar að veita börnum bestu mögulegu uppvaxtarskilyrði og hins vegar að tryggja báðum foreldrum möguleika til þátttöku á vinnumarkaði. Á tímabilinu 1990-2004 juku sveitarfélög verulega þjónustu sína og börnum sem gátu fengið vistun fjölgaði og þau gátu verið lengur í vistun á hverjum degi. Þar með varð þjónustan opin öllum börnum frá tveggja ára aldri.³

Frá árinu 2004 hafa ekki orðið miklar breytingar á umgjörð málaflokksins. Leikskóli er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Um leikskóla gilda lög nr. 90/2008, en í þeim er fjallað um markmið, stjórnskipan, samskipti stjórnenda og foreldra, húsnæði og aðstöðu, námskrá, gæðastarf og fleira. Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla samkvæmt lögunum. Ekki er kveðið á um við hvaða aldur skuli miða við inntöku barna.

Í gildi er einnig reglugerð 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum, sem setur ramma um starfsemi dagforeldra. Sú reglugerð hefur verið meira og minna óbreytt frá 1992. Til stóð að endurskoða reglugerðina árið 2017, en ekkert varð af þeim áformum. Einkaaðilar, oftast einstaklingar, sinna daggæslu í heimahúsum en sveitarfélög annast eftirlit. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála veitir rekstrarleyfi. Flest sveitarfélög niðurgreiða starfsemi dagforeldra, en engin lagaleg skylda hvílir á þeim að gera slíkt. Þá er kostnaður afar misjafn eftir dagforeldrum og niðurgreiðsla sömuleiðis eftir sveitarfélögum. Almennt er þó mun dýrara að hafa barn hjá dagforeldri en á leikskóla á vegum sveitarfélags og getur munað ansi miklu.

Á öllum Norðurlöndum nema Íslandi eiga börn lögbundinn rétt til leikskóla eða dagvistunar frá tilteknum aldri sem helst í hendur við rétt foreldra til fæðingarorlofs, þannig að börn komist inn að fæðingarorlofi loknu.

³ Guðný Björk Eydal (2006), Þróun og einkenni íslenskrar umönnunarstefnu 1944-2004, Uppeldi og menntun 15. árg. 2. hefti.

Könnun lögð fyrir sveitarfélög

Könnunin var send til allra sveitarstjóra og yfirmanna fræðslu- og leikskólamála hjá sveitarfélögum landsins með rafrænum hætti í febrúar 2022. Spurningarnar voru eftirfarandi.

1. Hvaða dagvistunarúrræði eru fyrir hendi í sveitarfélaginu, þ.e. sem eru á ábyrgð sveitarfélagsins, s.s. leikskólar, ungbarnaleikskólar eða annað?
2. Eru starfandi dagforeldrar í sveitarfélaginu?
3. Hve margir dagforeldrar eru starfandi?
4. Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um frá hvaða aldri barn á rétt á dagvistunarúrræði af hálfu sveitarfélagsins?
5. Hvert er aldursviðmiðið?
6. Hver er meðalaldur barna þegar þau komast inn á leikskóla hjá sveitarfélaginu?
7. Hefur sveitarfélagið tekið til endurskoðunar dagvistunarúrræði ungra barna nýlega eða er fyrirhugað að setja það á dagskrá?
8. Í hverju fólst endurskoðunin?

Öllum sveitarfélögum var gefinn frestur til að svara og gengið var á eftir þeim sem ekki höfðu svarað að nokkrum tíma liðnum. Svör bárust frá 55 sveitarfélögum af 69, þar á meðal öllum þeim stærstu. Skýrsla þessi byggir að mestu leyti á svörum sveitarfélaga við þessum spurningum sem og gögnum frá Hagstofunni.

Áhrif dagvistunarmála

Markmið með könnun BSRB um dagvistunarmál hjá sveitarfélögum er að varpa ljósi á hvaða stuðningur stjórnvalda er fyrir hendi varðandi umönnun barna að loknu fæðingarorlofi. Ítrekað hefur verið bent á þau vandamál sem leiða af svonefndu umönnunarbili. Umönnunarbilið er sá tími sem tekur við að loknu fæðingarorlofi foreldra og þar til barni er tryggt leikskólapláss eða dagvistun af hálfu hins opinbera eða einkaaðila.

Niðurstöður


Dagvistunarúrræði á vegum sveitarfélaga

Í öllum sveitarfélögum sem svöruðu könnuninni voru starfræktir leikskólar (52) eða gerður hafði verið samningur við nágrannasveitarfélag/-félög um leikskólavistun fyrir börn sveitarfélagsins (3). Af þeim 14 sveitarfélögum sem ekki svöruðu könnuninni er ljóst að 6 þeirra reka leikskóla og 2 eru með leikskóladeildir innan grunnskóla, trúlega eru 3 sveitarfélög með þjónustusamning við nágrannasveitarfélög og þau 3 sem eftir standa eru það fámenn og börn það fá að trúlega er ekki þörf á leikskólaþjónustu af hálfu sveitarfélagsins. Þá reka um 22% sveitarfélaga sérstaka ungbarnaleikskóla og nær það úrræði til um helming þeirra barna sem eru á fyrsta og öðru aldursári á landinu. Að auki kemur fram að í Reykjavík er að finna ungbarnadeildir í almennum leikskólum og í Garðabæ eru fjögurra og fimm ára deildir reknar innan grunnskóla.


Dagforeldrar

Í 15 sveitarfélögum (27%) eru starfandi dagforeldrar. Þar búa um 85% barna. Hlutfall sveitarfélaga þar sem starfandi eru dagforeldrar og hlutfall barna sem búa í sveitarfélagi þar sem eru dagforeldrar hefur lækkað frá 2017, þegar fyrri könnun BSRB kom út. Þá voru 88% barna búsett í sveitarfélagi þar sem dagforeldrar störfuðu (28%). Fjöldi starfandi dagforeldra eftir sveitarfélögum er ansi misjafn, flestir eru dagforeldrar í Reykjavík eða 97 talsins. Þá eru 24-31 dagforeldri í þremur sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, 13 í Akureyri og á bilinu 1-7 í níu sveitarfélögum að auki. Útreikningar BSRB benda til þess að um 6 dagforeldrar séu starfandi á hver 100 börn á aldrinum 6 til 18 mánaða í þeim sveitarfélögum þar sem dagforeldrar eru á annað borð starfandi.

Eru starfandi dagforeldrar í sveitarfélaginu?




Sveitarfélög þar sem eru dagforeldrar



Í gögnum Hagstofunnar má sjá þróun varðandi dagforeldra á öllu landinu. Lækkað hefur töluvert í hópi barna sem eru í dagvistun hjá dagforeldrum, sem rímar við niðurstöður skýrslu BSRB um fækkun dagforeldra.

Hlutfall 1 árs barna hjá dagforeldrum – þróun frá 2010




Heimild: Hagstofa Íslands

Aldursviðmið um inntöku á leikskóla


47 sveitarfélög hafa sett sér reglur um frá hvaða aldri barn á rétt á dagvistun af hálfu sveitarfélagsins á meðan 8 sveitarfélög hafa ekki gert það. 81% barna á leikskólaaldri býr í sveitarfélagi með slíkar reglur. Í flestum tilvikum er aldursviðmiðið 12 mánaða, eða í 68% tilvika (32 sveitarfélög). 9 sveitarfélög eru með viðmiðið 9 mánaða (2% barna búsett þar), og samtals 5 sveitarfélög miða við aldur á bilinu 15-24 mánaða.

Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um frá hvaða aldri barn á rétt á dagvistunarúrræði af hálfu sveitarfélagsins?




Samanburður við fyrri skýrslu BSRB er nokkuð jákvæður. Þannig hefur hlutfall sveitarfélaga sem sett hafa sér aldursviðmið hækkað úr 50% í 85% og hlutfall barna sem býr í þeim sveitarfélögum að sama skapi hækkað úr 60% í 81%. Fjölgað hefur í þeim sveitarfélögum sem hafa 12 mánaða viðmið, þannig að nú býr þar 30% barna, miðað við 17% árið 2017. Fækkað hefur í hópi sveitarfélaga sem hafa viðmiðið 24 mánaða úr 17% í 2% og fjöldi þeirra barna farið úr 51% í 7%. Á móti hefur fjölgað börnum þar sem viðmiðið er á bilinu 9 til 18 mánuðir, mest þar sem 18 mánuðir eru viðmiðið eða úr 21% í 50%. Sveitarfélögum sem miða við 18 mánaða hefur þó fækkað úr 15% í 10%, en flest sveitarfélög hafa 12 mánuði sem viðmið.

Aldursviðmið – hlutfall sveitarfélaga



Aldursviðmið – hlutfall af mannfj./barnafj.




Aldur barna við inntöku í leikskóla

Meðalaldur barna þegar þau komast inn á leikskóla á vegum sveitarfélags miðað við könnun BSRB er 17,5 mánaða. Er það nokkur breyting frá fyrri skýrslu BSRB 2017 þar sem meðalaldurinn var rúmlega 20 mánaða. Því er ljóst að tekist hefur að stytta umönnunarbilið, bæði með lengingu fæðingarorlofs, en það var 9 mánuðir við útgáfu fyrri skýrslu, og með fleiri leikskólaplássum. Þó er dreifingin á inntöku barna ansi mikil, eða allt frá 9 mánaða aldri og upp í 24 mánaða, og nokkuð stór hópur sem kemst inn eldri en 18,5 mánaða. Þá má einnig geta þess að árgangurinn sem fæddist árið 2021 er afar stór, eða sá fjórði stærsti frá upphafi. Fæst þeirra barna eru komin inn á leikskóla þegar þetta er ritað, og verður áhugavert að sjá hvernig sveitarfélögunum tekst að bregðast við þessari fjölgun í fæðingum barna.⁴

Þegar horft er á fjölda sveitarfélaga fer hlutfallið í um 50% við 12 mánaða aldur og er komið í 80% við 15 mánaða aldur. Ljóst er að fleiri af minni sveitarfélögum taka inn yngri börn, því þegar horft er til fjölda barna á leikskólaaldri er hlutfallið aðeins komið í 40% við 18,5 mánaða aldur og svo 90% við 19 mánaða aldur.


Aldur barna við inntöku í leikskóla, uppsafnað hlutfall sveitarfélaga



⁴ Fæðingarárgangurinn 2021 sá fjórði fjölmennasti, Hagstofan
<<https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/faeddir-og-danir/faeddir-2021/>>


Ef horft er á fjölda þeirra barna sem komast inn á ákveðnum aldri komast flest börn inn 19 mánaða og næstflest 15 mánaða. Þá eru nokkuð stórir hópar sem komast inn 22 mánaða, 19 mánaða og 12 mánaða.

Aldur barna við inntöku í leikskóla, uppsafnað hlutfall barna




Ef aldur barnanna við inntöku er flokkaður í fjóra hópa má sjá að 2% barna komast inn yngri en 12 mánaða, 5% komast inn við 12 mánaða aldur, 27% komast inn á bilinu 12,5 til 18 mánaða en stærsti hópurinn, eða 66%, komast ekki að í leikskóla fyrr en á bilinu 18,5 til 24 mánaða. Það liggur því fyrir að ansi stór hópur barna kemst ekki inn fyrr en töluverður tími er liðinn frá lokum fæðingarorlofs, með tilheyrandi áhrifum á atvinnuþátttöku foreldra og velferð og þroska barnsins.

Aldur barna við inntöku í leikskóla – flokkað



Þegar svörin við þessum tveimur spurningum um viðmiðunaráldur og um innritunaráldur eru borin saman má sjá einhverja nálgun á hvort sveitarfélög ná að uppfylla aldursviðmiðin. Hjá 42% sveitarfélaga með 14% barna er samræmi þar á milli. Hjá 33% sveitarfélaga með 59% barna er munurinn innan við þrír mánuðir og hjá 26% sveitarfélaga með 27% barna er munurinn meira en 3 mánuðir.

Munur á aldursviðmiði og raunaldri barna við inntöku



Þegar allur hópur 1-5 ára barna er skoðaður í gögnum Hagstofunnar má sjá hlutfall þeirra sem eru í dagvistun á einkaheimilum og leikskólum. Við tveggja ára aldur eru 94% barna komin í leikskóla.

Dagvistun og leikskóli

Hlutfall af árgangi


	Börn á leikskóla, des. 2020	Börn á dagvistun á einkaheimilum*	Börn hvorki skráð á leikskóla né í dagvistun
Á fyrsta ári	1%	5,2%	93,8%
1 árs	54%	25,2%	20,8%
2 ára	94%	0,4%	5,6%
3 ára	97%	0,1%	2,9%

Heimild: Hagstofa Íslands

* Tölur fyrir árið 2019


Hlutfall eins árs barna á leikskólum hefur farið hækkandi, og árið 2020 er það 54%.

Hlutfall 1 árs barna á leikskóla - þróun frá 2010



Ansi misjafnt er eftir landsvæðum hvenær börn komast inn á leikskóla og má sjá mikinn mun á stórum svæðum á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu og svæðunum hér í kring, Suðurnesjum og Suðurlandi, þar sem börn eru almennt eldri þegar þau komast inn.

Hlutfall 1 árs barna á leikskóla eftir landsvæðum



Heimild: Hagstofa Íslands

Sveitarfélög voru einnig spurð hvort þau hefðu tekið dagvistunarmál ungra barna til endurskoðunar nýlega eða hvort fyrirhugað væri að setja það á dagskrá. Tæplega 51% sveitarfélaga segjast hafa gert það, 5,5% að auki að það sé fyrirhugað, 42% segja það ekki fyrirhugað en eitt sveitarfélag svaraði ekki spurningunni. 87% barna búa í sveitarfélögum þar sem þessi mál hafa verið tekin á dagskrá nýlega eða það er fyrirhugað. Það er mun hærra hlutfall en árið 2017, þegar 70% barna bjuggu í sveitarfélögum þar sem endurskoðun hafði farið fram eða var fyrirhuguð. Sveitarfélög gátu svarað nánar í hverju endurskoðunin fólst og voru svörin ýmis konar. Þar á meðal var að bæta við deildum eða byggja nýja leikskóla, lækka aldursviðmið og fleira. Í einhverjum tilvikum voru þó aldursviðmið hækkuð úr 9 mánuðum í 12 mánuði, samhliða því að fæðingarorlof lengdist.

Viðauki

yfirlit yfir sveitarfélög

Ýmsir fyrirvara komu fram í svörum nokkurra sveitarfélaga um aldursviðmið og um meðalaldur barna þegar þau komast inn á leikskóla. Við úrvinnslu var gert tölugildi úr hverju slíku svari, sem er einhvers konar nálgun eða meðaltal, en í raun getur staðan verið mismunandi milli leikskóla, svæða innan sveitarfélagsins eða hvenær á árinu börn eru fædd. Hér er því tvær tölur sem sýna slík svör og hvernig þau voru færð í tölugildi, Tafla 1a og tafla 1b.

Tafla 1a. Aldursviðmið

	Aldursviðmið - mánuðir	Aldursviðmið - bein svör
Akureyrarbær	12	Börn eru innrituð í leikskóla Akureyrarbæjar frá 12 mánaða aldri. Aldursviðmið komandi haust er að börn hafi náð 12 mánaða aldri 31 ágúst 2022. Ef enn verð laus pláss í skólum bæjarins verða foreldrum yngri barna boðin pláss fyrir börn sín. Ekki eru aldursviðmið hjá dagforeldrum, en Akureyrarbær niðurgreiðir daggæslugjöld frá 10 mánaða aldri fyrir foreldra í sambúð og 6 mánaða aldri fyrir einstæða foreldra.
Ásahreppur	12	Börn úr Ásahreppi fara að langstærstum hluta í Leikskólann Laugalandi. Þar er tekið á móti börnum frá eins árs aldri og þar er ekki biðlisti.
Borgarbyggð	12	12 mánaða, sé svigrúm fyrir því.
Fjallabyggð	12	12 mánaða, 10 mánaða ef vistunarrými er laust þá.
Flóahreppur	12	12 mánaða almennt en 9 mánaða ef um einstæða foreldra er að ræða.
Hrunamannahreppur	18	18 mán. en 12 mán. ef hægt er að taka á móti börnum.
Hveragerðisbær	12	Við miðum við að öllum börnum sem náð hafa 12 mánaða aldri að haust sé boðin leikskólavistun af afloknu sumarfríi.
Langesbyggð	12	12 mán. (er til reynslu var 16 mán.).
Múlaþing	12	Að börn sem orðin eru árs gömul fyrir 1. september fá boð um leikskólavist það sumar/haust.
Reykjanesbær	24	24 mánaða á því ári sem barnið byrjar í leikskóla.
Reykjavíkurborg	18	Miðað er við að börn sem orðin eru 18 mánaða 1. september ár hvert fá boð um leikskólavöl það sama haust. Í leikskólum þar sem starfræktar eru skilgreindar ungarnadeildir er heimilt að innrita yngri börn. Heimildin er háð viðmiðum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma og ræðst af því sem pláss og fjármagn leyfir. Auk þessa starfrækir Reykjavíkurborg ungarnaleikskóla sem taka inn börn á aldrinum 12 til 24 mánaða. Börn eru skráð á biðlista við 9 mánaða aldur og raðast þau á listann eftir fæðingardegi og ári.
Seltjarnarnesbær	12	Niðurgreiðslur sveitarfélagsins hefjast þegar barn hefur náð 12 mánaða aldri.
Skorradalshreppur	12	1 árs og ef það er pláss á leikskólanum getur leikskólastjóri tekið inn yngri börn ef aðstæður eru þannig hjá foreldrum.
Snæfellsbær	12	Við tökum inn 12 mánaða gömul börn ef pláss leyfir og starfsfólk.
Stykkishólmsbær	12	Öll börn geta sótt um leikskóla frá 1 árs aldri.
Sveitarfélagið Árborg	18	Í reglum um leikskóla í Árborg segir að barn komist í leikskóla á því ári sem það verður tveggja ár.

Tafla 1b. Meðalaldur barna þegar þau komast á leikskóla.

	Meðalaldur barna þegar þau komast inn á leikskóla	Meðalaldur - bein svör
Akureyrarbær	18,5	Ef horft er á aldur barna fyrir innritun komandi haust, þá verða þau að meðaltali 18.5 mánaða, miðað við að innritun verði í byrjun september. Undanfarin ár hefur langmest innritun verði seinni part ágúst þ.e. eftir að grunnskólarnir hefjist og fram í september. Gera má ráð fyrir að síðustu börnin verði innrituð um eða eftir miðjan september. Það skal einnig tekið fram að ekki eru talin með þau eldri börn, sem komin eru á umsóknarlista og eru flýtt til bæjarins nú í vor / sumar / haust. Ég tel eingöngu þau börn sem hér eiga lögheimili í dag.
Ásahreppur	12	Börn úr Ásahreppi fara að langstærstum hluta í Leikskólann Laugalandi. Þar er tekið á móti börnum frá eins árs aldri og þar er ekki biðlisti.
Blönduós bær	10	8-12 mánaða.
Borgarbyggð	12,5	12-13 mánaða.
Dalabyggð	12	Er ekki með upplýsingar um meðalaldurinn en það er enginn biðlisti þannig að börn komast strax að og umsókn berst. Eins og kemur fram í svörum hér að framan geta börn komist að frá 12 mánaða aldri en það eru alls ekki allir foreldrar sem nýta sér það.
Dalvíkurbyggð	10	Ca. 10 mánuðir.
Flóahreppur	12	Var 9 mánaða til áramóta 2021 en verður 12 mánaða.
Grindavíkurbær	19	Nákvæmar upplýsingar liggja ekki fyrir en þorri allra barna kemst inn í leikskóla við 18 - 20 mánaða aldur.
Grýtubakkahreppur	12	12 til 15 mán, val foreldra ef koma seinna en 12 mán.
Hafnarfjarðarkaupstaður	19	18 - 20 mánaða.
Hveragerðisbær	15	15 mánaða - þar sem inntaka barna getur tekið langan tíma.
Langanesbyggð	14	12-16 mán.
Norðurþing	12,5	11-14 mánaða.
Rangárþing ytra	13	12-14 mánaða.
Reykjanesbær	22	20-24 mánaða.
Reykjavíkurborg	19	Byggt á upplýsingum úr minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasvið 14. desember 2021.
Seltjarnarnesbær	20	19-21 mánaða.
Skaftárhreppur	10,5	9-12 mánaða.
Skorradalshreppur	12,5	Þar sem um samning við Borgarbyggð er að ræða þá höfum við ekki þær upplýsingar.
Snæfellsbær	15	Höfum ekki reiknað það út, flest er að koma inn á aldrinum 12-18 mánaða.
Stykkishólmsbær	13,5	Ca. 13 til 14 mánaða.
Suðurnesjabær	20	18-22 mánaða.
Sveitarfélagið Árborg	21,5	Átján mánaða til rúmlega tveggja ára.
Sveitarfélagið Hornafjörður	14	12-16 mánaða.
Sveitarfélagið Skagafjörður	13	12 - 14 mánaða.
Sveitarfélagið Vogar	13,5	Börn eru tekin inn 3svar á ári, og tæmist þá biðlistinn alla jafna. Þau eru því á bilinu 12 - 15 mánaða gömul.
Vesturbyggð	16	14-18 mánaða.

Tafla 2. Yfirlit um aldursviðmið einstakra sveitarfélaga og á hve gömul börn eru að jafnaði þegar þau komast inn á leikskóla⁵.

	Fj. barna 1-5 ára (á leikskólaaldri)	Aldursviðmið - mánuðir	Meðalaldur barna þegar börn komast inn á leikskóla	Landshluti
Reykjanesbær	1.187	24	22	Suðurnes
Sveitarfélagið Árborg	675	18	22	Suðurland
Suðurnesjabær	238	18	20	Suðurnes
Seltjarnarnesbær	291	12	20	Höfuðborg
Grindavíkurbær	240	Ekki viðmið	19	Suðurnes
Reykjavíkurborg	7.395	18	19	Höfuðborg
Hafnarfjarðarkaupstaður	1.839	15	19	Höfuðborg
Akureyrarbær	1.089	12	19	N. eystra
Sveitarfélagið Ölfus	143	9	18	Suðurland
Vesturbyggð	68	Ekki viðmið	16	Vestfirðir
Garðabær	1.111	Ekki viðmið	15	Höfuðborg
Kópavogsbær	2.311	Ekki viðmið	15	Höfuðborg
Hveragerðisbær	176	12	15	Suðurland
Snæfellsbær	83	12	15	Vesturland
Sveitarfélagið Hornafjörður	115	12	14	Suðurland
Stykkishólmsbær	85	12	14	Vesturland
Sveitarfélagið Vogar	67	12	14	Suðurnes
Rangárþing ytra	117	12	13	Suðurland
Sveitarfélagið Skagafjörður	239	12	13	N. vestra
Vestmannaeyjabær	218	12	13	Suðurland
Borgarbyggð	231	12	13	Vesturland
Ísafjarðarbær	229	12	13	Vestfirðir
Norðurþing	175	12	13	N. eystra
Bolungarvíkurkaupstaður	57	Ekki viðmið	12	Vestfirðir
Eyjafjarðarsveit	67	Ekki viðmið	12	N. eystra
Bláskógabyggð	61	12	12	Suðurland
Fjarðabyggð	328	12	12	Austurland
Grundarfjarðarbær	56	12	12	Vesturland
Húnaþing vestra	58	12	12	N. vestra
Rangárþing eystra	90	12	12	Suðurland
Fjallabyggð	106	12	11	N. eystra
Blönduósibær	67	Ekki viðmið	10	N. vestra
Dalvíkurbyggð	99	9	10	N. eystra
Mosfellsbær	850	12	Óvíst	Höfuðborg
Múlaþing	325	12	Óvíst	Austurland

⁵ Taflan sýnir þau sveitarfélög þar sem eru 50 eða fleiri börn á leikskólaaldri (1-5 ára, 1. jan. 2021)

Tafla 3a. Samanburður á aldursviðmiðum við gögn frá 2017

	Aldursviðmið 2022 - mánuðir	Aldursviðmið 2017 - mánuðir	Lækkun viðmiðs í mánuðum milli tímabila
Sveitarfélagið Ölfus	9	24	15
Seltjarnarnesbær	12	24	12
Mosfellsbær	12	24	12
Snæfellsbær	12	24	12
Fjallabyggð	12	24	12
Akureyrarbær	12	18	6
Hveragerðisbær	12	18	6
Langesbyggð	12	18	6
Vestmannaeyjabær	12	18	6
Ísafjarðarbær	12	18	6
Hafnarfjarðarkaupstaður	15	21	6
Sveitarfélagið Árborg	18	24	6
Reykjavíkurborg	18	24	6
Reykholahreppur	9	12	3
Skaftárhreppur	9	12	3
Skútustaðahreppur	9	12	3
Strandabyggð	9	12	3
Borgarbyggð	12	15	3
Skorradalshreppur	12	15	3
Suðurnesjabær	18	21	3
Þingeyjarsveit	9	9	0
Dalvíkurbyggð	9	9	0
Svalbarðsstrandarhreppur	9	9	0
Mýrdalshreppur	12	12	0
Múlaþing	12	12	0
Sveitarfélagið Hornafjörður	12	12	0
Stykkishólmur	12	12	0
Sveitarfélagið Vogar	12	12	0
Rangárþing ytra	12	12	0
Sveitarfélagið Skagafjörður	12	12	0
Norðurþing	12	12	0
Ásahreppur	12	12	0
Bláskógabyggð	12	12	0
Dalabyggð	12	12	0
Fjarðabyggð	12	12	0
Grundarfjarðarbær	12	12	0
Grytubakkahreppur	12	12	0
Húnaþing vestra	12	12	0
Hörgársveit	12	12	0
Rangárþing eystra	12	12	0
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	12	12	0
Vopnafjarðahreppur	12	12	0
Hrunamannahreppur	18	18	0
Hvalfjarðarsveit	18	18	0
Reykjanesbær	24	24	0
Flóahreppur	12	9	-3

Tafla 3b. Samanburður á meðalaldri barna þegar þau komast á leikskóla við gögn frá 2017

	Meðalaldur barna þegar þau komast inn á leikskóla 2022	Áætlaður meðalaldur inn á leikskóla 2017	Munur á meðal-innritunaráldri 2017 og 2022
Fjallabyggð	11	24	13
Bolungarvíkurkaupstaður	12	24	12
Mosfellsbær	15	24	9
Snæfellsbær	15	24	9
Reykjavíkurborg	19	27	8
Seltjarnarnesbær	20	27	7
Hvalfjarðarsveit	12	18	6
Kópavogsbær	15	21	6
Hveragerðisbær	15	21	6
Sveitarfélagið Ölfus	18	24	6
Ísafjarðarbær	12,5	18	5,5
Hrunamannahreppur	13	18	5
Vestmannaeyjabær	13	18	5
Langanesbyggð	14	18	4
Skútustaðahreppur	9	12	3
Strandabyggð	9	12	3
Ásahreppur	12	15	3
Rangárþing eystra	12	15	3
Borgarbyggð	12,5	15	2,5
Norðurþing	12,5	15	2,5
Skorradalshreppur	12,5	15	2,5
Akureyrarbær	18,5	21	2,5
Sveitarfélagið Árborg	21,5	24	2,5
Dalvíkurbyggð	10	12	2
Grindavíkurbær	19	21	2
Hafnarfjarðarkaupstaður	19	21	2
Reykjanesbær	22	24	2
Skaftárhreppur	10,5	12	1,5
Sveitarfélagið Vogar	13,5	15	1,5
Sveitarfélagið Hornafjörður	14	15	1
Suðurnesjabær	20	21	1
Svalbarðsstrandahreppur	9	9	0
Eyjafjarðarsveit	12	12	0
Grímsnes- og Grafningshreppur	12	12	0
Bláskógabyggð	12	12	0
Dalabyggð	12	12	0
Fjarðabyggð	12	12	0
Grundarfjarðarbær	12	12	0
Grýtubakkahreppur	12	12	0
Húnaþing vestra	12	12	0
Hörgársveit	12	12	0

Tafla 3b – frh.	Meðalaldur barna þegar þau komast inn á leikskóla 2022	Áætlaður meðalaldur inn á leikskóla 2017	Munur á meðal-innritunaráldri 2017 og 2022
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	12	12	0
Vopnafjarðarhreppur	12	12	0
Reykholahreppur	12	12	0
Garðabær	15	15	0
Blönduósibær	10	9	-1
Rangárþing ytra	13	12	-1
Sveitarfélagið Skagafjörður	13	12	-1
Stykkishólmsbær	13,5	12	-1,5
Múlaþing	14	12	-2
Vesturbyggð	16	14	-2
Flóahreppur	12	9	-3
Þingeyjarsveit	12	9	-3
Mýrdalshreppur	24	12	-12

Í töflu 3b má sjá hver er meðalaldur barna þegar þau komast inn á leikskóla og samanburður við stöðuna árið 2017. Sjá má að staðan hefur batnað hjá yfir helmingi sveitarfélaganna (plústala í aftasta dálki) og er óbreytt hjá 14 sveitarfélögum (0 í aftasta dálki). Hjá nokkrum sveitarfélögum er staðan nú verri en hún var 2017, munurinn er þó yfirleitt lítill.